

Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 Þriðjudaginn 10. desember 2019

Mættir : Björn Sigurðsson formaður, Hilmar Örn Jónasson, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Oddur Örnólfsson, Leifur Guðni Grétarsson, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson ritari, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir varastjóri

Fundur settur kl. 17.30

1. Fundargerð síðasta fundar

- a. *Farið yfir fundargerð síðasta fundar og málum fylgt eftir.*
 - i. *Reglugerð um Íslandsmótaröð kynnt og samþykkt.*

2. Sundfólk ársins

- a. *Samkvæmt niðurstöðu reiknireglu stjórnar frá febrúar 2018 þá er sundmaður ársins Anton Sveinn McKee*
- b. *Sundkona ársins er Eygló Ósk Gústafsdóttir*
Sundfólk ársins komu á fundinn og veittu verðlaununum viðtöku og mættu í myndatöku.

3. Síðustu verkefni

- a. *ÍM25 í Ásvallalaug 8 – 10. nóv*
Mótið var unnið í samvinnu við SH og fór vel fram og margir sundmenn náðu lágmörkum fyrir landsliðsverkefni á mótinu. Skipulag til fyrirmyndar.
- b. *NM25 í Þórhöfn í Færeyjum 27. nóv - 2. des*
Mótið gekk vel og allt skipulag og aðstaða til fyrirmyndar. Náðum 3 verðlaunasætum Margir að stíga sín fyrstu skref á stórmóti sem þessu.
- c. *EM í Glasgow 2 - 9. desember*
Allir sundmenn náðu að setja Íslandsmet á mótinu og voru aðstæður og skipulag mótsins til fyrirmyndar. Það er á engan hallað þegar að sagt er að Anton Sveinn McKee hafi verið fremstur af okkar fólki en hann setti samtals 7 Íslandsmet og 2 Norðurlandamet og hafnaði í 4. (200 m), 6. (100) og 7. (50) sæti í bringusundsgreinunum.

4. Næstu verkefni

- a. *Æfingaferð til Tenerife 29. Jan – 5. febrúar*
Æfingaferð A og B landsliða til Tenerife. Ferðin verður greidd að fullu fyrir A landslið (EM hóp) og 40% greitt fyrir B landslið (NM hóp)

5. Afreksmál

- a. *Næstu skref með Ragnari Guðmundssyni og Optimizar.*
Ragnar kemur til landsins í Febrúar og gerir og gerir “test” 21. Og 22. Febrúar og haldin verður fundur með þjálfurum vegna 360 prógrams til að taka næstu skref.
- b. *Umræða um stöðu afreksfólks í ljósi viðtala við Anton Svein.*

Stórn SSÍ lýsir heilshugar yfir stuðningi við yfirlýsingu íþróttamanna sem kynnt var Menntamálaráðherra í dag.

Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 Þriðjudaginn 10. desember 2019

Stjórn SSI samþykkti á fundi á stjórnarfundum eftirfarandi ályktun: Stjórn Sundsambands Íslands tekur heilshugar undir erindi afreksfólks í íþróttum sem mennta- og menningarmálaráðherra var afhent í dag. Afreksíþróttafólk verður af eðlilegum lýðréttindinum þegar þau einbeita sér að undirbúningi og keppni á Evrópu-, heims og Ólympíumótum, auk þess sem fjárhagsleg óvissa um hvað tekur við að loknum Ólympíuleikum verður oft til þess að íþróttafólkið treystir sér ekki til að halda áfram æfingum og keppni að leikum loknum.

Fullorðið fólk sem jafnvel hefur lokið háskólaprófi og ákveður að helga sig sinni afreksíþrótt hefur ekki tækifæri til að vinna með æfingum og keppni, sér til framfæris og ávinnur sér þar með ekki þau lýðréttindi sem eðlileg geta talist. A því þarf gera bragarbót.

6. Fjárhagsáætlun 2020

- Farið var yfir fjárhagsáætlun 2020 sem kynnt var á sundþingi
- Farið var yfir umsókn SSÍ 2020 til afrekssjóðs. Búið er við að framlög úr sjóðunum verði síst lægri en fyrir liðandi ár.

7. Fundargerðir nefnda

- Móta og tækninefnd hefur fundað og fundargerð verður kynnt á næsta fundi.
- Dómaranefnd mun skila af sér fundargerðum tveggja funda fyrir næsta stjórnarfund.

8. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
-------	--------------	-------------	-------------	-------------

Engin félagaskipti lágu fyrir

9. Staðfesting meta

25m laug

Kvenna

200m skriðsund	Snæfríður Sól Jórunnardóttir	AGF	1:58,42	08.11.19	Esbjerg
4x50m skriðsund	Landssveit Jóhanna Elín Guðmundsdóttir Ingibjörg Kristín Jónsdóttir Snæfríður Sól Jórunnardóttir Eygló Ósk Gústafsdóttir	ISL	1:40,94	06.12.19	Glasgow

Stúlkna

50m bringusund	Ásdís Eva Ómarsdóttir	Bergen	00:31,99	01.12.19	Torshavn
50m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	00:26,43	04.12.19	Glasgow
50m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	00:26,28	04.12.19	Glasgow
50m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	00:26,14	04.12.19	Glasgow
100m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	00:57,21	06.12.19	Glasgow
100m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	00:56,79	07.12.19	Glasgow
200m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	02:03,79	07.12.19	Glasgow
200m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	02:03,67	07.12.19	Glasgow

Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 Þriðjudaginn 10. desember 2019

4x50m fjórsund	Landssveit Kolbeinn Hrafnkelsson Anton Sveinn McKee Kristinn Þórarinsson Dadó Fenrir Jasminuson	ISL	1:36,97	08.12.19	Glasgow
Kynblandað 4x50m skriðsund	Landssveit Dadó Fenrir Jasminuson Kristinn Þórarinsson Ingibjörg Kristín Jónsdóttir Jóhanna Elín Guðmundsdóttir	ISL	1:35,55	07.12.19	Glasgow

10. Aðsend erindi

Dags	Efni	Sendandi
a. 12.11.2019	Ógildingar á ÍM25	Fjölpir
b. 28.11.2019	Reglugerð um afrekssjóð	ÍSí
c. 02.12.2019	Umsókn í ferðasjóð	ÍSí
d. 04.12.2019	ÍSí – Air Iceland Connect	ÍSí
e. 04.12.2019	Birtingarmáti Íþróttahreyfingarinnar - Felix	ÍSí
f. 05.12.2019	Nutrition in Athlete	
g. 06.12.2019	EC aquatics Budapest 2020	LEN
h. 07.12.2019	Memo_NF_Authorised Identifications_Tokyo2020	Fina
i. 09.12.2019	FINA Water Polo Certification School for Referees (FRA)feb2020	Fina
j. 10.12.2019	Fina diving world cup	Fina
k. 11.12.2019	Amsterdam Diving cup	CV
l. 12.12.2019	Fina Open water school apr 2020	Fina
m. 12.12.2019	Réttindi afreksfólks	DAB
n. 12.12.2019	Fina Open water school israel mars 2020	FINA
o. 12.12.2019	FINA Bureau Meeting in Kuwait Cit	FINA/pa
p. 13.12.2019	Elective congress Budapest May 2020	LEN

Móttekið

11. Önnur mál

- a. Formannafundur ÍSí
Formaður gerði stuttlega grein fyrir formannafundi sem hann sótti ásamt framkvæmdastjóra þann 29. Nóvember sl. Stærstu tíðindin eru líklega þau að þróun á Felix hefur verið stöðvuð. Framlög ÍSí til íþróttahreyfingarinnar verður með svipuðu sniði og áður eða um 450 m.kr-
- b. Dómgæsla á mótum
Almenn umræða um dómgæslu á mótum og kröfur sem gerðar eru til A og B móta annarsvegar og byrjendamóta og sýningar hinsvegar. Ákveðið að halda sér fund um málið og kynna betur fyrir hreyfingunni.
- c. Ráðstefnur á Íslandi

Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 Þriðjudaginn 10. desember 2019

SSÍ hefur sótt um að halda LEN ráðstefna árið 2021. Einnig hefur komið okkar borð beiðni um að halda Learn to Swim ráðstefna haust 2020.

d. Starfsmannammál

Formaður mun taka starfsmannasamtöl við starfsmenn í næstu viku.

e. Formannafundur SSÍ

Stungið upp á formannafundi 21. febrúar. Samþykkt.

f. Jólakveðja til sjálfboðaliða

Samþykkt að senda öllum sjálfboðaliðum sem starfað hafa í fleiri en 6. hlutum á SSÍ mótum á árinu smá glaðning frá SSÍ með þökk fyrir samveruna.

g. Fundur NSF í Glasgow 6. desember

Formaður ásamt ritara fóru á fund með formönnum sambanda hinna norðurlandanna ásamt Eistlandi og Litháen. NSF er falið að koma með tillögu að 3 fulltrúum þjóðanna í stjórn LEN. Danir og Svíar eru nú þegar með fulltrúa sem vilja halda áfram. Norðmenn vildu skipta út manni en Finnar vildu fá sinn mann inn. Það stefndi í kosningu á fundinum en Norðmenn gáfu eftir sitt sæti. Svo virðist sem það sé komin ágætur friður í þetta norræna samstarf eftir þó nokkurn oroa síðustu ár.

Fundi slitið kl. 20:00